



Reykjavík 13.10.2025

HER-202509-2930

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1266/2025, Dýpkun Sundahafnar, tilkynning um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu)**

Vísað er til máls nr. 1266/2025, Dýpkun Sundahafnar, tilkynning um framkvæmd (tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

Umrædd framkvæmd er ekki háð starfsleyfi hjá HER.

HER telur að búið sé að koma til móts við margar af þeim athugasemdum sem gerðar voru vegna umhverfismatsins 2021. HER telur þó ennþá vanta frekari vöktun á áhrifum framkvæmdanna á lífríkið. PCB hefur fundist í botnssýnum úr Sundahöfn en efnið er þrávirkt lífrænt efni og safnast saman í vefjum lífvera og veldur lífuppsöfnun upp fæðukeðjuna. Því sem fyrr vill HER benda á að vöktun vantar á áhrifum efnisvarps í hafið í gryfju við Engey á fæðu fugla. HER telur að kanna þurfi hvort mengun frá dýpkunarefni, þá sérstaklega PCB sé að safnast upp í lífverum sem fuglar nota sem fæðu. Unnt væri að taka sýni úr kræklingi við Engey og greina PCB og þá þungmálma sem mælast yfir mörkum í rannsókn á botnseti í Sundahöfn í vef þeirra. Kræklingar eru sífarar og því gott lífmerki fyrir mengun sem gæti borist frá losunarstaðnum. Mælingar þyrftu að fara fram fyrir framkvæmd, meðan á henni stendur og með reglubundum hætti eftir að framkvæmd lýkur til að ganga úr skugga um að efni sé ekki að losna úr fyllingunni. PCB mengun getur haft áhrif á viðkomu fugla en helstu þekktu áhrif eru afbrigðilegur fósturþroski, minnkuð viðkoma og þynning eggjaskurnar. Varp í hafið hefur verið á svæðinu í langan tíma án nokkurrar vöktunar með tilliti til lífuppsöfnunar mengunarefna, HER telur mikilvægt að hafin verði söfnun gagna og að vöktunaráætlun þurfi að fylgja gögnum vegna framkvæmdarinnar.

HER telur þó að þær breytingar sem orðið hafi á fyrirætlunum um dýpkun Sundahafnar frá umhverfismatinu 2021 kalli ekki á nýtt mat á umhverfisáhrifum enda liggi meiri og ítarlegri gögn fyrir en þá. HER áskilur sér rétt að koma með athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri

